

Fundur þjónustusvæðis málefna fatlaðra
haldinn í Hótel Selfoss 14. desember 2012

1. Fundarsetning

Gunnar Þorgeirsson, formaður stjórnar þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna.

Formaður tilnefndi Ástu Stefánsdóttur sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjóra, stjórn fundarins.

2. Tillaga að breyttum samningi þjónustusvæðisins

Lagður var fram nýr samningur um sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða ásamt greinagerð.

Gunnar Þorgeirsson, formaður stjórnar þjónustusvæðisins, fylgdi úr hlaði greinargerð með tillögu að breytingu á samningi um sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða

Á ársfundi þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi, sem haldinn var á Hellu 18. október 2012, var eftirfarandi tillaga samþykkt:

„ Ársfundur þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi, haldinn á Hellu 18. október 2012, samþykkir að skipa 5 manna starfshóp til að endurskoða starfsemi og skipulag þjónustusvæðisins með það að markmiði að einfalda stjórnskipulagið og auðvelda upplýsingaflæði til aðildarsveitarfélaganna og skapa þeim betri yfirsýn yfir rekstur málaflokksins. Jafnframt kanni starfshópurinn möguleika á samruna félagsþjónustusvæðanna á starfssvæðinu. Lögð er áhersla á að starfshópurinn starfi hratt og örugglega og skili skýrslu og tillögum fyrir 1. desember nk. þannig að hægt verði að taka afstöðu til tillagna hans í desember. Miðað verði við að hugsanlegar breytingar taki gildi 1. janúar 2013. Í starfshópnum tilnefni eftirtaldir aðilar einn fulltrúa hver: Sveitarfélagið Árborg, félagsþjónustusvæði Árnessýslu og félagsþjónustusvæði Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu. Stjórn þjónustusvæðisins skipi tvo fulltrúa og fer annar þeirra með formennsku í starfshópnum. Þjónusturáð svæðisins starfi með starfshópnum eftir þörfum. Starfshópnum er heimilt að ráð sér ráðgjafa til aðstoðar og greiðist kostnaður vegna hans af þjónustusvæðinu.“

Í áframhaldi af þessari samþykkt voru eftirtaldir skipaðir í starfshóp um endurskoðunina: Gunnar Þorgeirsson og Sandra Hafþórsdóttir af hálfu stjórnar SASS, Aldís Hafsteinsdóttir frá Félagsþjónustu Árnesþings, Ásta Stefánsdóttir frá Sveitarfélaginu Árborg og Björk Arnardóttir frá félagsþjónustusvæði Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu. Með starfshópnum starfaði Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóri SASS.

Starfshópurinn hélt alls þrjá fundi og skilaði tillögu að breyttum samningi þjónustusvæðisins. Jafnframt samþykkti starfshópurinn tillögu að nýjum þjónustusamningi þjónustusvæðisins við Sveitarfélagið Árborg til samræmis við tillögu að nýjum samningi þjónustusvæðisins og að teknu tilliti til breytinga sem hafa orðið á starfseminni á undanförunum misserum.

Í ljós kom á fyrsta fundi starfshópsins að hvorki var hljómgrunnur fyrir stofnun byggðasamlags né uppskiptingu í þrjú þjónustusvæði. Ekki var heldur áhugi fyrir sameiningu félagsþjónustusvæðanna í eina heild. Því var ákveðið að endurskoðunin beindist fyrst og fremst að endurbótum á núverandi skipulagi í samræmi við þau markmið sem koma fram í tillögunni frá ársfundi þjónustusvæðisins. Jafnframt hefur komið fram að Sveitarfélagið Árborg hefur dregið til baka tillögu um stofnun byggðasamlags um húsnæði sérhæfðra þjónustueininga og mun kaupa húsnæðið sem um hefur verið rætt.

Meginatriðið í tillögum starfshópsins er að skipuð verði 3 manna stjórn í stað núverandi stjórnarfyrikomulags. Hún verði skipuð einum fulltrúa frá hverju þjónustusvæði úr hópi framkvæmdastjóra sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna sveitarfélaga og starfi í nánnum tengslum við þjónusturáðið. Þannig verði tryggð nánari tengsl stjórnar og sveitarfélaganna sem sjá um þjónustuna. Þá er lagt til að haldnir verði fundir aðildarsveitarfélaganna tvisvar á ári til að tryggja aukið upplýsingaflæði og samráð.

Samningur var borin undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Enginn tók til máls.

Samningurinn var undirritaður.

3. Fundarslit

Gunnar Þorgeirsson þakkaði sveitarstjórnarmönnum fyrir fundinn um leið og hann sleit fundinum kl.11:30.

Rósa Sif Jónsdóttir fundarritari.